



Handbók

Shellmótsins 2010

Febrúar – uppkast
Endanleg útgáfa verður gefin út 1. maí

Vinsamlegast sendið ábendingar
um allt það sem betur á fara á shellmot@shellmot.is



Aðalstyrktaraðili síðan 1991



júní 2010	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau	sun
		1	2	3	4	5	6
	7	8	9	10	11	12	13
	14	15	16	17	18	19	20
	21	22	23	24	25	26	27
	28	29	30				

23. júní, miðvikurdagur – komudagur

24. júní, fimmtudagur – keppnisdaur

25. júní, föstudagur – keppnisdagur

26. júní, laugardagur – keppnisdagur – lokadagur

26. júní, sunnudagur - heimferðardagur

Ábendingar og tilmæli til félaga

Tilgangur þessarar handbókar er að skýra út eins ítarlega og hægt er hvernig Shellmótið í Eyjum fer fram og hjálpa hópum að skipuleggja sinn tíma þannig að allir viti alltaf hvar þeir eiga að vera og til hvers sé ætlast af þeim.

Frá Shellmótsnefnd

Shellmótsnefnd mun kappkosta að fara eftir auglýstri dagskrá mótsins.

Engu að síður, áskilur nefndin sér allan rétt til að breyta auglýstri dagskrá, fella niður liði, færa, bæta við eða breyta, ef þær aðstöður skapast að ekki sé unnt að fylgja auglýstri dagskrá. Svona aðstæður skapast helst vegna veðurs.

Í slíkum tilfellum er ákvörðun nefndarinnar endanleg og verður ekki breytt.

Það er ósk nefndarinnar að þátttakendur á Shellmóti virði slíkar breytingar og aðstoði starfsmenn mótsins til að láta nýja dagskrá ganga upp.

Efnisyfirlit

1. Undirbúningur.....	8
Skráning þátttöku.....	9
Mótsgjald og annar kostnaður	10
Ferðakostnaður	11
Banka upplýsingar	11
Undirbúningur ferðar.....	12
Samgöngur.....	12
Fótbolti og fjölskylduhátíð.....	13
Minnisatriði fararstjóra	14
Apótek	15
Minnisatriði foreldra	16
Foreldrar á mótinu.....	17
Foreldrar heima.....	17
Velkomin til Vestmannaeyja.....	18
Kynningarefni um Vestmannaeyjar	18
Kort af Heimaey og helstu kennileiti.....	18
Gisting	20
Þátttakendur.....	20
Aðrir gestir	20
Tjaldsvæði.....	20
Barnaskólinn.....	21
Hamarsskóli.....	21
Umgengni í gistingu	22
Shellmótslagið	23
2. Dagskrá	24
Dagskrá Shellmótsins.....	25
Miðvikudagur - komudagur	25
Fimmtudagur – 1. keppnisdagur.....	25
Föstudagur – 2. keppnisdagur.....	26
Laugardagur – 3. keppnisdagur – lokadagur móts.	27
Sunnudagur - Heimferðardagur.....	28
3. Knattspyrnumótið.....	29
Knattspyrnumótið.....	30
Þáttökufélög (liðafjöldi)	30
Röðun liða í styrkleikaflokka	30
Keppnisreglur Shellmótsins.....	31

Nánar um jafntefli	32
Framkvæmd vítaspyrnukeppni	32
Dómarareglur	35
Shellmótskerfið	36
Röðun liða eftir styrkleika	37
Shellmótið styrkleiki	38
Shellmótskerfið - leikir	39
Matur	40
Matseðill	40
Matartímar hver liðs	41
Miðvikudagur	41
Fimmtudagur	41
Föstudagur	42
Laugardagur	42
4. Skýringar og hlutverk	43
Skýringar	44
Apótek	44
Bátsferð	44
Boðhlaup	44
Dansleikur	44
Eldfellið og nýja hraunið	44
Fiska- og steinasafnið	44
Fjaran	44
Heilsugæsla og sjúkrahús	45
Helgafell	45
Jónsmessuganga	45
Kassabílarall í Herjólfssdal	45
Kvöldvaka	45
Kvöldsigling	45
Landsleikur	45
Lokahóf	45
Máltíðir	45
Pompei norðursins	46
Rútuferð	46
Sjúkrahús og heilsugæsla	46
Skrúðganga og setning	46
Sprangan	46

Stórhöfði	46
Sundlaugin	46
Verðlaun	47
Viðurkenningarpeningar	47
Þjálfarafundur	47
Hlutverk	48
Foreldrahópurinn	48
Yfirfararstjóri	48
Gjaldkeri	48
Upplýsingastjóri	48
Liðsstjóri	48
Ljósmyndari.....	48
Matráður	48
Birgðastjóri.....	49
Ferðastjóri.....	49
Ræstitæknir.....	49
Stuðningsmaður nr. 1	49
Söfununarstjóri	49
Skemmtanastjóri.....	50
Söngstjóri.....	50
Veitingastaðir.....	50
Þjálfari og aðstoðarþjálfarar.....	50
Shellmótsnefnd	51
Kvinnadeild ÍBV.....	52
5. Verðlaun og viðurkenningar.....	53
1984.....	54
1985.....	55
1986.....	56
1987.....	56
1988.....	56
1989.....	56
1990.....	57
1991.....	57
1992.....	57
1993.....	57
1994.....	57
1995.....	58

1996.....	59
1997.....	60
1998.....	61
1999.....	61
2000.....	61
2001.....	62
2002.....	63
2003.....	65
2004.....	67
2005.....	69
2006.....	71
2007.....	73
2008.....	74
2009.....	75
2010.....	76



1. Undirbúningur

Skráning þátttöku

Það er oftast foreldrafundur 6. flokks sem tekur ákvörðun um þátttöku á Shellmóti. Hjá mörgum félögum er komin áratugahefð fyrir því að 6. flokkur drengja fer árlega á Shellmót.

Hjá sumum félögum er aðeins farið með eldra árið, það eru þá strákar sem verða 10 ára á keppnisárinu, en sum félög koma líka með yngra árs drengi á Shellmótið. Hvert félag ákveður sinn hóp, en það þarf samþykki Shellmótsnefndar fyrir fjölda liða.

Félög sem koma á Shellmót á hverju ári hafa forgang inn á næsta mót með sama fjölda liða og síðasta ár, en að hámarki 4 lið. Hafi félag áhuga að koma með fleiri lið en 4, þá þarf að sjá hver aðsóknin er, áður en fleiri lið en 4 eru samþykkt frá hverju félagi.

Á Shellmótinu er leikinn 7 manna bolti. Það verður að gera ráð fyrir skiptimönnum, þannig að það er ágætt að miða við að það séu 8-9 leikmenn í hverju liði, því mótið er erfitt og reynir verulega á leikmenn.

Til viðmiðunar, má hafa þessar tölur :

Fjöldi liða	Lágmarksfjöldi leikmanna	Góður leikmannahópur
1	8	9
2	16	18
3	24	27
4	32	36
5	40	45

Reynslan sýnir að því fleiri lið sem eru bókuð í upphafi, því meiri afföll verða frá fyrstu skráningum.

Skráningu skal tilkynna á shellmot@shellmot.is.

Í tölvupósti skal taka fram:

- Nafn félags
- Fararstjóri, netfang og símanúmer
- Þjálfari, netfang og símanúmer
- Fjöldi liða
- Áætlaður fjöldi leikmanna, fararstjóra og liðsstjóra.

Staðfesting á móttöku umsóknar verður send og í síðasta lagi 1. Mars verður send staðfesting á þátttöku liða í mótinu.

Nánari upplýsingar veitir framkvæmdastjóri Shellmótsins, Einar Friðþjófsson, sími 860 2207, tölvupóstur ainarf@ismennt.is

Kynningarfundur. Ef félag hefur áhuga, þá er velkomið að fulltrúi Shellmótsnefndar mæti á foreldrafund og kynni mótið og fari yfir skipulag og framkvæmd mótsins. Slíkar kynningar eru foreldrafélögum að kostnaðarlausu.

Mótsgjald og annar kostnaður

Þáttökugjald pr. lið

Það þarf að greiða þáttökugjald fyrir hvert lið sem tekur þátt í Shellmótinu. Gjaldið er kr. 10.000 fyrir hvert lið og **greiðist fyrir 1. maí**.

Félag sem sendir 4 lið til keppni, þarf því að greiða kr. 40.000 í þáttökugjald liða fyrir 1. maí.

Þáttökugjald liða er til viðbótar gjaldi fyrir hvern þátttakanda. Þáttökugjald fæst ekki endurgreitt, ef lið er dregið til baka eftir 1. maí.

Hámarksfjöldi liða á Shellmóti er 96. Félög sem mæta á mótið á hverju ári hafa frátekin sæti fyrir sinn liðafjölda eins og var árið áður, en að hámarki 4 lið. Ef félög vilja bæta við fjölda liða, þá þarf að láta vita tímanlega. Þegar liðafjöldi 96 hefur verið náð, þá fara lið á biðlista í þeirri röð sem þau sóttu um.

Gjald pr. þátttakanda

Gjald pr. þátttakanda er kr. 14.500 á Shellmótið 2010. Þetta er jafnaðarverð fyrir alla þátttakendur, leikmenn, þjálfara og fararstjórar greiða sama gjald.

Innifalið í gjaldi hvers þátttakanda

Við komu til Eyja er rútuferð frá bryggju / flugvelli að gististað. Við brottför fer rúta frá gististað að bryggju / flugvelli.

Gisting í 4 nætur í svefnpokaplássi í skólastofu eða samsvarandi gististað. Morgunverðarhlaðborð í Höllinni fimmtudag til sunnudags
heitar máltíðir : miðvikudagskvöld,
fimmtudag hádegi og kvöld,
föstudag hádegi og kvöld,
laugardag hádegi og grillveislu um kvöldið.

10 knattspyrnuleikir.
Setningarathöfn, kvöldvaka og lokahóf.
Bátsferð, rútuferð, sprang, heimsókn í Fiskasafnið, 2 x frítt í sund.

Hver þátttakandi á Shellmóti fær afhentan veglegan pakka við upphaf móts með ýmsu til minningar um mótið eins og t.d. mótsblaði og Shellmótsbol. Í lok Shellmóts er veittur fjöldinn allur af verðlaunum og viðurkenningum auk þess sem allir þátttakendur fá viðurkenningarpening til minningar um þáttökuna á Shellmótinu.

Fullorðnum þátttakendum er boðið í Jónsmessugöngu á fimmtudagskvöldið, á dansleik á föstudagskvöldinu og fulltrúum hvers félags boðið í sérstaka kvöldsiglingu á fimmtudagskvöldinu.

Þjálfurum og aðstoðarþjálfurum er boðið á töflufund á föstudagskvöldinu.

Geymsla á mat. Kæligámar eru opnir til geymslu matvæla. Við komu til Eyja þarf að kanna hvar þeir eru staðsettir og kynna sér umgengnisreglur.

Ekki innifalið í gjaldi hvers þátttakanda

Ferðir til og frá Eyjum.
Ferða- og slysatryggingar.
Annar matur en talinn er upp í kaflanum um mat.

Ferðakostnaður

Engin fargjöld eru innifalin í mótsgjaldi.

Herjólfur

Vakin er athygli á því að frítt er í Herjólf fyrir börn, 10 ára og yngri. Fullorðnir greiða fargjald. Ódýrast er að kaupa afsláttarmiða fyrir allan hópinn í afgreiðslu Herjólfs. Upplýsingar í síma 481-2800. Þanta þarf tímanlega fyrir farþega, bíla og hýsi.

Flug

Þau félög sem koma með flugi, verða að sjá alfarið sjálf um að panta og semja við flugfélag.

Banka upplýsingar

Shellmótið í Eyjum,
Hlaupareikningur í Íslandsbanka Vestmannaeyjum nr. 3234
Banki / höfuðbók /númer : 0582 - 26 - 3234
kennitala 680197-2029

Vinsamlegast sendið kvittun á:

gjaldkeri@shellmot.is eða Shellmótið í Eyjum
Hörður Óskarsson
Hrauntún 12
900 Vestmannaeyjar

Undirbúningur ferðar

Um leið og félag hefur ákveðið að senda hóp á Shellmótið, þá er nauðsynlegt að hefja undirbúning og að foreldrar skipti með sér verkum, dreifa ábyrgð og vinnu.

Í flestum félögum eru ofur mömmur og ofur pabbar, sem eru til í að sjá um allt og redda öllu, en reynslan segir okkur að Shellmótið er mjög erfitt mót og það er nauðsynlegt að dreifa vinnu og ábyrgð og fá eins margar hendur og hægt er til að koma að undirbúningi.

Það er mjög ströng dagskrá á Shellmótinu og allt á fullu alla daga frá morgni og langt fram á kvöld. Það er því nauðsynlegt fyrir hóp að koma vel skipulagða og ekki reyna að vera með einhverjar reddingar úti í Eyjum.

Góður undirbúningur skilar sér í skemmtilegu móti og ánægjulegum dögum í Eyjum.

Ágætt er að renna yfir kaflann um "Hlutverk", þegar verið er að raða niður verkefnum.

Samgöngur

Herjólfur

Klettagörðum 15
104 Reykjavík

Bókanir í síma 525 7700 og 481 2800

Fax 525 7709 og 481 2991
Heimasíða : www.Herjolfur.is

Flugfélag Íslands

Reykjavíkurflugvelli
101 Reykjavík

Þjónustusími: 570 3030
Nánar : www.flugfelag.is

Vestmannaeyjaflugvöllur

sími 481 3300
Fax: 481 3299
Netfang: vey@flugfelag.is

Flugfélg Vestmanneyja

Sími 481 3255
Netfang : eyjaflug@eyjaflug.is
Heimasíða : www.eyjaflug.is

Fótbolti og fjölskylduhátíð

Shellmótið er fjölskylduhátíð. Shellmótið er knattspyrnumót fyrir stráka í 6. flokki. Auk strákana eru fararstjórar og þjálfarar sem fylgja stráknum. Það er mikill fjöldi foreldra, systkina og annarra ættinga sem fylgja strákunum á mótið, ýmist með beinni þátttöku á mótinu eða sem almennir ferðamenn.

Shellmótsnefnd ber fyrst og fremst ábyrgð á þátttakendum á Shellmótinu, en ferðamálayfirvöld í Vestmannaeyjum sjá um að öllum gestum sem heimsækja Heimaey þessa daga liði vel á meðan á dvölinni í Eyjum stendur. Í Eyjum leggjast allir á eitt að gera Shellmótið að glæsilegri fjölskylduhátíð.

Fótbolti er skemmtun. Þessi skemmtun skiptir okkur öll máli. Það er sérstök ánægja að geta boðið leikmönnum okkar að leika gegn liðum frá hinum ýmsu stöðum af landinu, jafnvel erlendum liðum. Kennið leikmönnum að endurspeglu þessa ánægju í leik og framkomu á Shellmótinu, félagi sínu til framdráttar.

Stundvísi er viðhöfð á Shellmóti. Alltaf.

Ákvörðun dómara er rétt. Leikmönnum skal kennt að virða ákvörðun dómara án spurninga eða athugasemda. Þetta skal einnig brýna fyrir foreldrum og öðrum aðstandendum liðanna.

Þjálfarar skulu alltaf styðja úrskurði dómara leiksins, hvort sem þeir eru réttir eða rangir. Þjálfarar og foreldrar skulu aldrei efast um hæfni dómarans svo leikmenn heyri til. Dómgæslu er hægt að ræða á kvöldfundum með þjálfurum og mótshöldurum.

Foreldrar og stuðningsmenn liða endurspeglu þann anda sem er í hverju félagi. Víða um heim á knattspyrnumótum yngri flokka, er sú skoðun útbreidd, að krakkarnir séu frábærir, en foreldrarnir vandamál. Ef hinir fullorðnu leiða hugann að þessu, þá er þetta auðvitað til skammar.

Shellmótið hefur sínar ákveðnu reglur í leik og umgengni. Engu að síður, þá hefur hvert lið sinn rétt til þess að kvarta og gera athugasemdir við framkvæmd mótsins eða hluta þess. Þetta er réttur hvers félags. Ef þú þarft að nota þennan rétt, gerðu það við rétta aðila. Segðu rétt frá, rólega og virtu ákvörðun mótshaldara, hver svo sem hún verður.

Eflum íþróttandann. Það þarf ekkert að skilgreina þetta nánar, það vita allir við hvað er átt.

Allir með í öllum leikjum. Shellmótsnefnd mælist til þess við þjálfara að allir leikmenn hvers liðs taki þátt í hverjum leik mótsins. Ekki er sett skilyrði að allir spili jafn langan tíma.

Við skulum koma fram fyrir hönd okkar félags með stolti og virðingu sem verður félagi okkar til framdráttar.

Að lokum. Ekki einangra þitt lið. Kynnist öðrum liðum. Það skilst fljótt að við sameinumst öll í áhuga okkar á fótbolta og unglíngastarfi. Látum þennan áhuga berast til næstu kynslóðar.

Minnisatriði fararstjóra

Strax. Hvernig ætlar hópurinn að ferðast til Eyja.

Herjólfur ?

panta far fyrir hópinn og kanna hvernig er best að komast til Þorlákshafnar

flug ?

kanna verð og panta. Flug er alfarið á ábyrgð hvers hóps.

Útdeilið þessu verkefni strax til einhverra.

Strax. Skrá fjölda liða sem félagið hefur áhuga að koma með á Shellmótið. Skrá þarf hvaða félag er að sækja um og upplýsingar um forsvarsmann og þjálfara. Nafn, símanúmer og netfang. Senda skráningu á shellmot@shellmot.is

Fyrir 1. maí. Greiða Þátttökugjald kr. 10.000 á hvert lið.

Reikningur Shellmótsnefndar :

Banki: 0582 - 26 - 3234

Kennitala 680197-2029

Fararstjórafundir Fundir eru sem hér segir :

Miðvikudagskvöld kl. 23:00 í Týsheimilinu., (Eftir komu Herjólfis)

Fimmtudagskvöld, Týsheimili, eftir setningu

Föstudagskvöld, að lokinni kvöldvöku í íþróttahúsinu.

Að **minnsta kosti** 1 fulltrúi frá hverju félagi SKAL mæta á þessa fundi.

Á laugardagskvöldinu eftir að allri dagskrá er lokið, þá er opinn spjallfundur í Týsheimilinu fyrir starfsmenn mótsins, fararstjóra og þjálfara, þar sem mótið verður gert upp.

Bátsferð. Farið er með snekkjunni Viking. Bátsferðin tekur ca. 30 mín. Farin er stutt ferð út í Klettshelli og aðeins út fyrir höfnina, en það fer samt eftir sjólagi. Reynt er að fara með eins marga hópa og hægt er á miðvikudegi í bátsferð.

Rútuferð. Allir þátttakendur fara í rútuferð. Farin er ákveðinn hringur um Heimaey, þar sem vakinn er athygli á helsen kennileitum og minnst á eldgosinu frá 1973. Reynt er að fara með eins marga hópa í rútuferð á miðvikudegi og hægt er.

Allar máltíðir eru í Höllinni við Löngulág (fyrir ofan malarvöllinn), einnig morgunmatur. Þau lið sem eiga fyrsta leik að morgni mæta fyrst í morgunmatinn.

Félagsfánar Flaggstangarfáni og stuðningsfáni(ar) á stöng.

Skila flaggstangarfána í Týsheimili við komu til Eyja.

Það setur svip á hvern hóp, ef félagsfáni er hafður með á leikjum. Best er að gera ráð fyrir einum stórum fána á hvert lið. Muna eftir að vera með félagsfána í skrudgöngunni.

Armband. Allir þátttakendur á Shellmótinu fá armband sem skal bera á meðan á mótinu stendur. Armband þetta er kvittun fyrir greiðslu á mótsgjaldi og ávísun á allt sem er innifalið í því. Ef armband slitnar, þá er hægt að fá nýtt armband hjá vaktstjóra í matsal eða í Týsheimilinu. Armband getur losnað, en það er mjög ósennilegt.

Símanúmer í Týsheimilinu eru 481-2861.

Einar Friðþjófsson, framkvæmdastjóri mótsins er í síma 860 2207.

Shellmótsnefnd vill fá eftirtalin gsm símanúmer send í tölvupósti fyrir mót :

Aðalfararstjóri

Aðalþjálfari

Liðsstjóra hvers liðs.

Gjaldkeri hvers félags er vinsamlegast beðinn um að gefa sig fram við Hörð Óskarsson, gjaldkera Shellmótsins, gjaldkeri@shellmot.is
Gjaldkeri hefur aðsetur í Týsheimilinu eftir kl. 17.00 daglega.

Óskilamunir verða geymdir í því húsi sem þeir finnast. Óskilamunum af vallarsvæðunum verður komið fyrir í Týsheimilinu. Eftir mótið verður hægt að nálgast alla óskilamuni í Týsheimilinu.

Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum, geymslu þessi símanúmer á vísum stað.
Ef slys ber að höndum, hringdu í 112 og taktu fram að þú ert í Vestmannaeyjum og nefndu völl, hús eða annað kennileiti svo menn átti sig á hvar þú ert.

Fáðu svo einhvern til að hringja líka í mótstjórn 860 2207 eða 897 1169.



Tímabókanir

481 1955

Vaktsími

895 1955

Neyðarsími

112

Apótek

– Lyf & heilsa, Strandvegi 48, sími 481 3900.

Opnunartímar 9:00-18:00 virka daga
10:00-14:00 laugardaga
14:00-14:30 sunnudaga

Minnisatriði foreldra

Enga peninga, ekkert sælgæti. Farið er fram á að foreldrar sendi börn sín hvorki með sælgæti né peninga. Af hálfu mótshaldara og fararstjóra verður séð fyrir öllum þörfum barnanna í sambandi við mat og drykk.

Ofnæmi, sérþarfir. Ef foreldrar vilja koma einhverju á framfæri vegna strákanna, t.d. upplýsingum um ofnæmi eða eitthvað annað sem þarf sérstaklega að taka tillit til, er þeim bent á að tala við fararstjóra tímanlega. Fararstjóri kemur uppl. til mótsstjórnar. Ágætt er að senda líka upplýsingar um ofnæmi á matur@shellmot.is

Nauðsynlegur búnaður. Hvert félag býr til sinn lista sem getur verið ítarlegri en þessi.

Einbreið dýna eða vindsæng	Félagsgalli	Regn- /vindgalli
Svefnpoki eða sæng	Keppnissskór	Úlpa, Hlý peysa
Koddi	Legghlífar	Húfa, Sokkar
Nærföt, Sundföt	Stuttbuxur	Aukabuxur, Vettlingar
Handklæði, Þvottapoki	og sokkar	Vatnsbrúsi
Tannbursti, Tannkrem		Afþreyingarefni (spil)
Sápa / Sjampó		Klæðnaður fyrir 5 daga

Merktu allt. Allur búnaður, hver einstök flík, skór meðtalið, skal vera mjög vel merkt með nafni, síma og félagi.

Strákarnir pakka. Fáíð strákana í lið með ykkur að pakka svo að þeir viti hvað þeir eru með.

Ein taska. Allur farangur á að vera í einni tösku ekki í plastpokum.

Símar. Fáíð uppgöfin GSM símanúmer fararstjóra og liðsstjóra þíns liðs. Strákarnir þurfa ekki að vera með síma.

Brottfarartími. Virðið brottfarartíma, mætið tímanlega.

Kostnaður á þátttakanda Það er ákveðið þátttökugjald fyrir hvern þátttanda á mótið, við það bætist þátttökugjald á hvert lið, kostnaður við fararstjórn, viðbótar matur og einhver ferðakostnaður. Stundum er einhver fatnaður innifalinn í verði. Hvert félag ákveður endanlegt verð á hvern þátttakanda og hvað er innifalið.

Fréttir af strákunum. Liðsstjóri hvers liðs hefur bestar upplýsingar um hvern strák í sínu liði. Best er að ná í liðsstjóra eftir leiki dagsins. Ekki er mælt með að foreldrar séu að tala við strákana að þarflausu í síma.

Upplýsingar um úrslit leikja. Heimasíða félagsins / flokksins, bloggsíða flokksins og að sjálfsgöðu www.shellmot.is

Shellmótslagið. Ertu búinn að kenna stráknum Shellmótslagið ? Félagssönginn ?

Foreldrar á mótinu

Stundvísi. Foreldrar eiga líka að mæta tímanlega á alla atburði.

Horfa á sem flesta leiki. Áhersla er lögð á að foreldrar horfi á alla leiki síns félags, ef kostur er.

Hvetjum liðið okkar og félagið okkar, ekki einstaka leikmenn og látið dómarrann í friði.

Vantar verkefni ? Fararstjórn hvers félags deilir verkefnum á sína foreldra.

Ef ykkur vantar verkefni, talið við fararstjórn ykkar félags, ekki vaða í neitt án samráðs við fararstjóra.

Kvartanir. Ef foreldri þarf að kvarta við mótsstjórn eða gera einhverja athugasemd við framkvæmd mótsins, þá skal fara með þessa kvörtun til yfirfararstjóra viðkomandi félags. Yfirfararstjóri leggur svo málið fyrir mótsstjórn, ef ástæða er til. Virðið úrskurði fararstjóra og mótsstjórnar.

Deilum verkefnum. Foreldrar fá næg verkefni á svona móti. Vel skipulagður hópur deilir verkefnum á foreldra og gætir þess að allir fái góð frí inn á milli.

Foreldrar heima

Fyrsta ferð. Ferð á Shellmót er oft fyrsta ferð barns að heiman án foreldra.

Fylgist með öllu mótinu í gegnum vefinn og lofið strákunum að upplifa fyrstu ferðina að heiman.

Upplýsingar. Myndir og allar upplýsingar um úrslit birtast á vefnum. www.shellmot.is

Símanúmer ? Ertu með nafn og símanúmer fararstjóra / liðsstjóra ?

Ekki búa til heimþrá. Með tilkomu farsíma er auðvelt að ná símasambandi við hvern hóp á Shellmótinu. Venjan er að láta strákana í friði og ekki tala við þá á meðan á mótinu stendur.

Velkomin til Vestmannaeyja

Kynningarefni um Vestmannaeyjar

Mikið efni er til um Vestmannaeyjar á vefnum. Ágætt er að byrja á vef Vestmannaeyjabæjar www.vestmannaeyjar.is og rekja sig þaðan um hinar ýmsu krækjur sem tengjast Vestmannaeyjum :

Kortavefur

Ágætt að skoða kortavefinn, meta aðstæður og vegalengdir. Smella t.d. á gögnuleiðir til að átta sig hvert er áhugavert að fara eða "götur og hús fyrir gos" til að átta sig á þeim fjölda húsa er fór undir hraunið.

Nánar : www2.loftmyndir.is/kortasja/vestm.asp

Heimaslóð

Heimaslóð er sögu-, menningar- og náttúrufarsvefur um Vestmannaeyjar sem rekinn er af Vestmannaeyjabæ. Efni vefsins kemur frá fjölmörgum aðilum. Vefurinn er í stöðugri endurnýjun og á hverjum degi eru greinar uppfærðar eða skrifaðar.

Nánar : www.heimaslod.is

Pompei norðursins

Verkefnið sem fengið hefur "vinnuheimið" Pompei Norðursins er hugsað til þess að hlúa að gosminjunum og gera þær sýnilegri. Segja má að hér sé á ferðinni einstakt verkefni í nútíma fornleifauppgreiftri, sem á sér fáar, ef einhverjar hliðstæður. Fyrirhugað er að grafa upp 7 - 10 hús sem fóru undir vikur og hófust framkvæmdir seinni hluta júnímánaðar 2005. Þetta er vandasamt og metnaðarfullt verkefni sem unnið verður að næstu árin, en þegar er farið að sjást í fyrsta húsið sem stóð við Suðurveg 25 og næsta skref er að grafa niður á Suðurveg og meðfram götunni. Stefnt er að því að í fyllingu tímans rísi einskonar þorp minninganna, sem sýni á áhrifamikinn hátt hvernig náttúruöflin fóru með heimili fólks.

Nánar : <http://www.pompeinordursins.is>


Kort af Heimaey og helstu kennileiti

Skoðið <http://www.vestmannaeyjar.is/> þar er krækja á kortavef

Eða beint á kortavefinn : <http://www2.loftmyndir.is/kortasja/vestm.asp>

Sjá sýnishorn á næstu síðu.

Fótboltavellir grænir, hús tengd Shellmóti – ljósblá.



Gisting

Þátttakendur

Þátttakendur á Shellmóti gista í skólum og félagsheimilum. Það fer eftir stærð hóps hvar hann fær gistingu, því það þarf að nýta það gistiþláss sem við höfum sem best. Barnaskólinn og Hamarsskóli eru notaðir á öllum mótum, en svo fer annað húsnæði eftir þátttöku og hvað er laust til notkunar fyrir hópa á Shellmótinu.

Algengustu gististaðirnir eru :

Barnaskólinn, við Kirkjuna í miðjum bænum,
 Hamarsskóli, í vesturbænum nálægt völlum,
 Framhaldsskólinn, fyrir ofan kirkjuna
 Kíwanis húsið, rétt hjá Herjólfu
 Félagshimilið, við Heiðarveg
 Listaskólinn, við Heiðarveg
 Aðventistaskólinn, fyrir neðan Barnaskólann.

Aðrir gestir

Shellmótsnefnd ber ábyrgð á að það fari vel um alla þátttakendur á mótinu. Þeir foreldrar og aðrir aðstandendur sem koma á eigin vegum, eru á eigin vegum og þjarga sér sjálfir mótisdagana.

Það er óásættanlegt að aðrir en þátttakendur á Shellmóti séu á gististöðum Shellmótsins. Fulltrúar Shellmótsnefndar áskilja sér allan rétt til að vísa óboðnum gestum úr gistingu.

Á heimasíðu Shellmótsins er hlekkur sem bendir á gistimöguleika í Eyjum.

Tjaldsvæði

Aðstaða fyrir tjöld, tjaldvagna, fellihýsi og hjólhýsi er við Þórsheimilið. Auk þess er tjaldsvæði inni í Herjólfsdal.

Bæjaryfirvöld eru með áætlun að bæta aðstöðu við Þórsheimilið í framtíðinni.



Barnaskólinn

Barnaskólinn er við Kirkjuna. Skólinn er við hliðina á kirkjunni. Skólinn er 4 hæðir og eru þær stofur merktar sem notaðar eu í gistingu á Shellmótinu.



1. Hæð



2. Hæð



3. Hæð



4. hæð

Hamarsskóli

Skólinn er vestur í bæ, í hverfinu sem byggt var eftir gos. Frá Hamarsskóla er stutt á vellina, en lengra í mat og Helgafellsvöll.



1. Hæð



2. Hæð

Umgengni í gistingu

Fyrir þátttakendur. Gistiaðstaða á vegum Shellmótsnefndar er fyrir þá þátttakendur á Shellmótinu sem hafa greitt þátttökugjald. Aðrir en þátttakendur eiga ekki erindi inn á gististaðina, hvorki að degi né nóttu. Shellmótsnefnd er í fullum rétti að vísa óviðkomandi úr húsum.

Hvert félag fær stofu/stofur til umráða sem það skal sjá um að halda hreinum meðan á mótinu stendur (þar með talin salerni). Verði einhverjar skemmdir ber félagið ábyrgðina. Munið að skilja við gististaðinn eins og þið komuð að honum.

Einbreið dýna. Það verður að gæta þess að hver þátttakandi sé með EINBREIÐA dýnu. Það er léleg nýting á gistirými að sjá 10 ára strák sofa í einu horninu á tvíbreiðri dýnu. Shellmótsnefnd reiknar út svefnpláss á hópa miðað við einbreiðar dýnur, þannig að ef einhver er með tvíbreiða dýnu, þá þurfa aðrir að þrengja að sér.

Fararstjórar. Í hverri stofu verður að vera fararstjóri. Strákarnir mega aldrei vera einir í stofunum, hvorki að nóttu né degi.

Borð og stólar í stofum. Borð, stólar og annar búnaður er í stofum, ekki færa hann til.

Þögn. Allt á vera hljótt í skólunum kl. 23:00.

Hlaup og boltar. Öll hlaup á göngunum eru stranglega bönnuð og boltar bannaðir innandyra.

Læstar útidyr. Fararstjórum skal bent á það að útidyr eru opnanlegar innanfrá. Strákarnir geta því hæglega læst sig úti eftir að skólanum hefur verið lokað á kvöldin.

Vaktmaður er á vakt í hvorum skóla. Vinsamlegast hafið samband við hann ef eitthvað vantar. Auk þess er húsvörður á bakvakt, í Barnaskólanum er Þórarinn sími 861 4362, í Hamarsskólanum er Snorri sími 861 4363, í Framhaldsskólanum er Páll sími 896 3480 og næturvarsla er í síma 860 2207.

Morgunmatur. Morgunmatur er framreiddur í Höllinni milli kl. 7:00 – 9:00 alla morgna. Lið sem eiga fyrsta leik, mæti fyrst í morgunmat. Lið skulu vera komin inn í morgunmat fyrir kl. 9.00

Bílar. Öllum bílum skal lagt á bílastæði við skólana, ekki á skólalóð.

Skór. Alla skó skal geyma í anddyri skólanna. Strákarnir geta haldið á skónum sínum í stofurnar. Það gengur enginn á útiskóm um ganga skólanna.

Raftæki. Athugið að öll notkun rafmagnstækja eru **bönnuð** í skólunum, því rafmagn slær út álag eins og t.d. ef allir eru að nota rafmagnsloftdælur fyrir vindsængurnar á sama tíma.

Shellmótslagið

Shellmótslagið verður flutt við setningu Shellmótsins á fimmtudagskvöldi og aftur á kvöldvökunni á föstudagskvöld í Íþróttahöllinni, einnig á lokahátíðinni á laugardagskvöldi.

Lærið lag og texta áður en komið er til Eyja og takið myndarlega undir þegar lagið er flutt.

Fararstjóri fær einhverju foreldri það hlutverk að kenna öllum lag og texta !

Hægt er að hlusta á lagið á heimasíðu Shellmótsins. Annað hvort í gegnum Real player forritið eða þú getur sótt lagið á MP3 formi. Einnig er boðið upp á karaokee útgáfu.

Sá sigrar sem tekur þátt


Til Eyja öll við höldum
í ævintýraleit.
Við búum í skólum og tjöldum
leikum á grænum reit.
Við förum á völinn, spörum ei köllinn
við erum ein sigursveit.

Í fótboltann við spörkum
daginn út og inn.
Þess á milli við örkum
um bæinn minn og þinn.
Við munum þora og mörkin skora
sláin, stöngin inn.

Viðlag :

Á Shellmót í Eyjum
við stefnum hvert ár,
þar setjum við markið hátt.
Saman segjum
og stöndum klár,
sá sigrar sem tekur þátt.

	Samið árið 1996
Lag	Geir Reynisson
Texti	Geir Reynisson og Bjarni Ólafur Guðmundsson
Útsetning	Pálmi Sigurhjártarson
Upptaka	Stúdíó Stöðin
Söngur	Jórunn Lilja Jónasdóttir
Undirleikur	Sniglabandið.



2. Dagskrá

Dagskrá Shellmótsins

Miðvikudagur - komudagur

Allir hópar VERÐA að koma í síðasta lagi á miðvikudegi. Síðasta örugga ferð er lokaferð Herjólfss þann dag.

Hafi hópar áhuga að koma á þriðjudagskvöldi með flugi eða Herjólf, þá er það velkomið. Þeir hópar komast strax í sína gistingu, en sjá um mat á þriðjudegi, ásamt morgun- og hádegismat á miðvikudegi.

Það er ágætt að koma eins snemma og hægt er. Þeir hópar sem koma snemma geta notað tímann til þess að fara í rútu- og bátsferðir.

Auk þess er ýmislegt við að vera í Eyjum, þannig að það er ekkert vandamál skipuleggja heilan dag fyrir strákana eins og t.d. strang, sund, sparkvellir, ganga á Helgafell, Eldfell, fara í fjöruferð og kassabílarall inni í Herjólfssdal.

Matur – kvöldmatur er innifalinn í mótsgjaldi. Þeir eru mættir borða milli kl. 17-19, en þeir sem koma með seinustu ferð Herjólfss, fá mat strax eftir komu til Eyja.

Erfitt getur reynst að koma strákunum í svefn fyrsta kvöldið vegna spennings, en það á ekki að vera vandamál næstu kvöldin.

Fararstjórafundur kl. 23.00 í Týsheimilinu.

Á fundinum þarf að skila nafnalistum leikmanna og í hvaða liði hver er.

Fimmtudagur – 1. keppnisdagur

Matur

Morgunmatur er kl. 7.00 – 9.00 í Höllinni. Þau lið sem eiga fyrstu leikina, mæta fyrst í morgunmat og þannig koll af kolli.

Hádegismatur er í Höllinni frá kl. 11.30 – 13.45. mæting í mat, fer eftir því hvenær lið á leiki. Vinsamlegast skoðið mætingatöflu fyrir matartíma.

Kvöldmatur er í Höllinni kl. 16.30 – 18.10 mæting í mat, fer eftir því hvenær lið á síðasta leik. Vinsamlegast skoðið mætingatöflu fyrir matartíma.

Keppni dagsins

Hvert lið tekur þátt í 4 liða riðli. 3 leikir á lið.

Fyrri riðlar leika 2 leiki fyrir hádegi og einn eftir hádegi

Seinni riðlar leika einn leik fyrir hádegi og 2 leikir eftir hádegi.

Skrúðganga og setning mótsins

Skrúðganga hefst frá Barnaskólanum kl. 18.30 stundvíslega. Mæting kl. 18.15.

Þátttakendur hvers félags halda hópinn.

Muna eftir fána félagsins og söngtextum.

Gengið er frá Barnaskólanum yfir á Týsvöll þar sem mótið verður sett.

Fluttar eru nokkrar örræður og eitthvað fjör, fer samt eftir veðri.

Boðhlaup

Í lok setningar er boðhlaup. Hvert félag sendir 10 manna lið til keppni. Hlaupið er frá áhorfendabrekku, þvert yfir völlinn að girðingu, náð í nammi í poka og hlaupið til baka og keflinu skilað til næsta manns í liðinu. Dómnefnd úrskurðar sigurvegara og er sá úrskurður endanlegur !

Fararstjórafundur er strax að setningu lokinni í Týsheimilinu.

Í Týsheimilinu er selt kaffi, heitt súkkulaði og vöffur eftir setningu.

Kvöldsigling kl. 22.00

Fulltrúum allra félaga er boðið í kvöldsiglingu. Farið er með snekkjunni Viking. Fjöldi fulltrúa fer eftir stærð hópsins. Miðar í ferðina eru afhentir á fararstjórafundi á miðvikudagskvöldi. Ferðatilhögun fer eftir veðri og þess gætt að enginn finni fyrir sjóveiki í þessari ferð. Tími heimkomu óráðinn.

Föstudagur – 2. keppnisdagur**Matur**

Morgunmatur er kl. 7.00 – 9.00 í Höllinni. Þau lið sem eiga fyrstu leikina, mæta fyrst í morgunmat og þannig koll af kolli.

Hádegismatur er í Höllinni frá kl. 11.30 – 13.45. mæting í mat, fer eftir því hvenær lið á leiki. Vinsamlegast skoðið mætingatöflu fyrir matartíma.

Kvöldmatur er í Höllinni kl. 16.30 – 18.10 mæting í mat, fer eftir því hvenær lið á leiki. Vinsamlegast skoðið mætingatöflu fyrir matartíma.

Keppni dagsins

Árangur gærdagsins ræður riðli. Hvert lið tekur þátt í 4 liða riðli. 3 leikir á lið. Fyrri riðlar leika 2 leiki fyrir hádegi og einn eftir hádegi. Seinni riðlar leika einn leik fyrir hádegi og 2 leikir eftir hádegi.

Landsleikur kl. 18.30

Leikur Landsliðsins og Pressunar hefst á Týsvelli kl. 18.30 þeir leikmenn sem hafa verið valdir í liðin eiga að mæta kl. 18.10 í Týsheimilinu, íþróttasal. Leikmenn fá keppnisbúninga, buxur og sokka, en koma með sína skó og legghlífar. Að leik loknum má hver leikmaður eiga sinn búning til minningar um leikinn.

Kvöldvaka kl. 19.30

Að loknum landsleik er haldið í stóra íþróttasalinn við sundlaugina. Þar fer fram kvöldvaka með keppni milli liða og skemmtiatriðum. Að kvöldvöku lokinni er fararstjórafundur í íþróttasalnum.

Fararstjórafundur er strax að lokinni kvöldvöku í íþróttasalnum.

Þjálfarafundur kl. 21.30

Að loknum fararstjórafundi er töflufundur með þjálfurum og aðstoðarþjálfurum. Mæting við Týsheimilið, þaðan fer hópurinn saman í rútu kl. 21.30.

Dansleikur kl. 23.30

Það er opinn dansleikur í Týssalnum og hefst hann kl. 23.30.
Fullorðnir þátttakendur á Shellmóti, sem eru með armband, sýna það við innganginn, aðrir greiða aðgangseyrir. Veitingar eru seldar á staðnum.

Laugardagur – 3. keppnisdagur – lokadagur móts.**Matur**

Morgunmatur er kl. 7.00 – 9.00 í Höllinni. Þau lið sem eiga fyrstu leikina, mæta fyrst í morgunmat og þannig koll af kolli.

Hádegismatur er í Höllinni frá kl. 12.00 – 14.15. mæting í mat, fer eftir því hvenær lið á leiki. Vinsamlegast skoðið mætingatöflu fyrir matartíma.

Grill er við Týsheimilið og hefst að loknum úrslitaleik Shellmótsins og afhendingu viðurkenningapeninga. Til þess að afgreiðslan gangi vel fyrir sig, þá er mælt með því að hópurnir ákveði einhvern sama stað á svæðinu og einn ná í gosdrykki fyrir allan hópinn.

Strákarnir fara svo í röð til að ná í pylsur, hver handa sér.

Það sem tefur mest afgreiðslu í grillinu, er þegar fullorðna fólk er að troða sér fram fyrir í röðinni. ☺

Keppni dagsins

Hvert lið tekur þátt í 4 liða riðli. Árangur gærdagsins ræður riðli.
4 leikir á lið.

3 leikir í riðlakeppni og einn jafningaleikur / úrslitaleikur í lokin.

Á laugardegi er hver leikur 2 x 12 mínútur.

Ef úrslitaleikur endar 0-0, þá er gripið til framlengingar og vítaspyrnukeppni.

Sjá sérstakar reglur um gullmark, framlengingu og vítaspyrnukeppni.

Viðurkenningar til allra þáttakenda

Eftir úrslitaleiki er öllum afhentur viðurkenningarpeningur fyrir þátttöku á Shellmótinu. Allir sem eru með armband, fá viðurkenningarpening.

Athöfnin fer fram á Hásteinsvelli.

Hópar hvers félags skulu safnast saman sunnan við Hásteinsvöll (milli vallar og Týsheimilis).

Þulur kallar hópa upp og ganga þeir inn á völinn í röð með fána félagsins í broddi fylkingar.

Eftir viðurkenningar er grillveisla við Týsheimilið.

Lokahóf

Hefst í íþróttahúsinu kl. 19.00

Allir þátttakendur og áhorfendur eru velkomnir á lokahófið.

Hefðbundin verðlaun og viðurkenningar eru :

Bikar til sigurvegara hvers móts

Gullpeningar til allra í sigurliðum

Silfurpeningar til allra í 2.sæti í sínu móti

Prúðustu liðin

Háttvísisverðlaun KSÍ og VISA
Lið Shellmótsins, 10 leikmenn

Auk þess gætu bæst við verðlaun eða viðurkenningar sem tilefni væri til að veita eftir mótið.

Sunnudagur - Heimferðardagur

Shellmótsnefnd gerir ráð fyrir að sunnudagurinn sé heimferðardagur. Það er líka möguleiki að fara heim eftir verðlaunaafhendingar á laugardagskvöldinu. Hugsanlega stendur flug til boða eða þá Herjólfur kl. 23.00 frá Eyjum.

Undirbúningur heimferðar

Ferðastjóri hópsins ber ábyrgð og sér um allt skipulag heimferðar.

Láta framkvæmdastjóra Shellmótsins vita á föstudegi hvenær hópurinn fer.

Gefa upp :

Flug / Herjólfur
Brottfarartími
Fjöldi. Taka skal fram, ef hópurinn skiptist eitthvað
Nafn og símanúmer ferðastjóra
Gististað

Frágangur

Henda öllu rusli
Ganga frá mat í kæligámi, taka með sér, gefa, henda.
Þrifa gistiaðstöðu
Hafa farangur tilbúin á einum stað.
Hafa mannskap tilbúinn til að ferma farangursbílinn þegar hann kemur.

Herjólfur á laugardagskvöldi kl. 23.00

Þessi ferð er vinsæl hjá foreldrum og þeim sem eru með bíla og hýsi með sér. Drífa sig heim og vera komin heim til að taka á móti strákunum daginn eftir. Fyrir strákana er þetta svolítið erfið ferð, því það er lagt af stað kl. 23.00, komið í Þorlákshöfn kl. 2.00, þá er eftir rúta í bæinn og koma sér heim. Þannig að farþegar eru að skila sér heim ca. kl. 4 um morgunin.

Á móti kemur að hægt er að sofa í sínu rúmi allan sunnudaginn !

Flug á laugardagskvöldi

Það verður að gera ráð fyrir lokahófinu þegar pantað er flug. Þannig að flug má ekki vera fyrr en eftir kl. 20.30 um kvöldið.

Heim á sunnudegi

Þeir hópar sem fara heim á sunnudegi, fá morgunmat á sunnudagsmorgni. Þeir hópar sem fara með flugi eða Herjólfí síðdegis á sunnudegi, eiga möguleika á góðum degi í Eyjum. Mótsstjórn getur aðstoðað við að skipuleggja þennan dag fyrir félög sem þess óska.



3. Knattspyrnumótið

Knattspyrnumótið

Þáttökufélög (liðafjöldi)

Röðun liða í styrkleikaflokka

Keppnisreglur Shellmótsins

1. Keppt er á minivöllum.
Leiktími á fimmtudegi og föstudegi er 2x15 mín. Leikhlé 3 mín.
Leiktími á Laugardegi er 2x12 mín. Leikhlé 2 mín.
2. Félög skulu **tilkynna liðskipan** á fararstjórafundi á miðvikudagskvöldi.
3. Í leikjum er aldrei skráður meiri markamunur en **3 mörk**.
4. **Verði lið jöfn** að stigum í riðlakeppni gilda eftirfarandi reglur um röð liða:
Markamismunur
Ef markmunur er jafn, þá telst það lið ofar sem hefur fengið færri mörk á sig.
Markamismunur í innbyrðis leikjum
Hlutkesti
5. Aðeins þjálfari má vera á hliðarlínu leikvallar. Varamenn og einn aðstoðarmaður skulu vera á merktu svæði hægra megin fyrir aftan sitt mark. Sjá mynd í næsta kafla.
6. **Skiptingar** á leikmönnum eru frjálsar.
7. Óheimilt er að leika í skóm með skrúfutakka
8. Úrslitaleikir:
Verði lið sem keppa um bikar jöfn að venjulegum leiktíma loknum, (markajafntefli), vinnur það lið sem skorar fyrir í fyrri eða seinni hálfleik.

Ef leikur endar markalaus, þá er framlengt í 2 x 5 mín og svo vítaspyrnukeppni, ef enn er markalaust.
9. Aðrar reglur KSÍ um 7 manna knattspyrnu gilda.

Nánar um jafntefli

Úrslit leikja eru látin standa með mest 3ja marka mun. Verði lið jöfn að stigum, markahlutfalli og innbyrðis leik í lok riðils, ræður hlutkesti hvernig lið raðast í sæti í riðlinum.

Úrslitaleikir eru um bikara á laugardegi.

Ef skorud hafa verið mörk, þá vinnur það lið sem skorar fyrsta mark í öðrum hvorum hálfleik (gildir einnig í framlengingu). Endi leikur 0-0, skal framlengt í 2 x 5 mínútur og verði staðan enn 0-0, fer fram vítaspyrnukeppni, 5 spyrnur á lið. (Sjá skýringar um framkvæmd vítaspyrnukeppni hér að neðan).

Ef enn er jafnt þá ræður hlutkesti.

Skýringar: "Fyrsta mark í öðrum hvorum hálfleik"

Ákveðið er að láta fyrsta mark í öðrum hvorum hálfleik gilda sem sigurmark í jafnteflisleik.

Dæmi:

Lið A skorar í fyrri hálfleik eftir 3 mín. og 45 sek.

Lið B skorar í seinni hálfleik eftir 2 mín. og 10 sek.

Endi þessi leikur með jafntefli, þá telst lið B sigurvegari.


Framkvæmd vítaspyrnukeppni


Dómari kallar til aðstoðarmann og liðin framkvæma vítaspyrnur samtímis á tvö mörk. Markvörður liðs A og leikmenn liðs B við annað markið og markvörður liðs B og leikmenn liðs A við hitt markið. Fimm leikmenn liðanna taka víti hver á eftir öðrum.

Dómari og aðstoðarmaður gæta þess að markverðir liðanna fái nægilega hvíld á milli spyrna. Er liðin hafa hvort um sig framkvæmt fimm spyrnur safnast bæði lið saman á miðju vallar og dómari tilkynnir úrslit.

Ef enn er jafnt skal hlutkesti ráða úrslitum.

Einn þjálfari eða liðsstjóri mega vera á hliðarlínunni.
Aðstoðarþjálfari / liðsstjóri skula vera með varamönnum í skiptiboxi.





- Áður en leikur hefst skulu leikmenn og þjálfarar safnast saman fyrir aftan markið fjær áhorfendum.
- Þegar dómariinn gefur merki skulu liðin ganga í röð inn á völinn að miðlínu.
- Fyrirliði fyrstur, þá aðrir leikmenn og síðast þjálfari.
- Á miðlínu skulu liðin raða sér í beina röð á móti áhorfendum og veifa.
- Fyrirliði næst dómara, þá aðrir leikmenn og þjálfari fjærst. Síðan takast leikmenn í hendur.
- Eftir að dómari hefur kastað hlutkesti og fyrirliðar valið, þá skal þjálfari sjá um að kalla varamenn af völinum.

Dómarareglur

1. Enginn dómari fer inn á völl án þess að vera í dómarabúningi.
2. Allir leikir skulu alltaf hefjast á auglýstum tíma.
Leiktími á fimmtudegi og föstudegi er 2 x 15 mín. - 3ja mín. leikhlé.
Leiktími á laugardegi er 2 x 12 mín. - 2ja mín. leikhlé.
3. **Upphaf leiks :**
Dómari kallar saman leikmenn og þjálfara að öðru markinu.
Lið skulu raða sér upp sitt hvoru megin við markið.
Röð leikmanna : fyrirliði, leikmenn og síðast þjálfari.
Dómari gengur á milli liða að miðju vallar. Þar raða liðin sér í beina línu.
Fyrirliði skal vera næst dómara. Leikmenn takast í hendur.
Dómari kallar fyrirliða til sín og varpar hlutkesti.
Þjálfari sér um að kalla varamenn af velli.
4. Ekki skal dæma á vitlaust innkast.
5. Hornspyrnu skal taka á vítateigslínu.
6. Ekki skal dæma á óviljandi hendi.
7. Ekki skal gefa leikmönnum spjöld fyrir grófan leik.
Við mjög gróf brot er dómara heimilt að skipa þjálfara að hvíla viðkomandi leikmann. Nýr leikmaður má koma í stað þess er tekinn er af velli.
8. Dómarar skrá - markaskor liða, ekki hver skorar mörkin.
- nöfn bestu leikmanna hvers liðs í leik.
- Prúðara liðið í leik.
9. Þegar tekin er aukaspyrna eða horn skulu leikmenn vera í minnst 6 metra fjarlægð. Þjálfarar skulu ekki setja leikmann til höfuðs markmanni.
10. Þjálfari má vera á hliðarlínu.
Einn aðstoðarmaður og varamenn eru á merktu skiptisvæði, við endalínu, hægra megin við eigið mark.
AÐRIR skulu vera á áhorfendasvæðum.
11. Í úrslitaleikjum þarf að knýja fram úrslit.
Í jafnteflisleik vinnur það lið sem skorar fyrr í fyrri eða seinni hálfleik.
Dómari skal skrá markaskors tíma upp á sekundu.

Dæmi: Ef leikur endar t.d. 1-1.
Lið A skorar á 4 mín fyrri hálfleiks, en lið B jafnar á 2 mín seinni hálfleiks, þá vinnur lið B. Sama gildir þó fleiri mörk verði skoruð í jafnteflisleik.

Shellmótskerfið

Shellmótskerfið byggir á grunnreglunni um 4 lið í riðli. Þegar öll lið hafa leikið við hin liðin, 3 leikir á lið, þá er liðum raðað eftir árangri. Árangur dagsins ræður því hverjir mótherjar morgundagsins verða.

Lið sem vinnur riðil færast upp um styrkleikaflokk í leikjum næsta dags.

Lið sem er neðst í sínum riðli færast niður um styrkleikaflokk í leikjum næsta dags.

Lið í 2-3 sæti síns riðils halda áfram í svipuðum styrkleikaflokki daginn eftir.

Leikir hvers dags eru sjálfstætt mót. Í lok dags kemur í ljós hver árangurinn hefur verið og daginn eftir er ný áskorðun á móti nýjum liðum. Lið taka engin stig eða mörk með sér á milli daga.

Fimmtudagur

3 leikir í 4ra liða riðli.

Hver leikur er 2 x 15 mín, 3 mín hlé

Föstudagur

3 leikir í 4ra liða riðli.

Hver leikur er 2 x 15 mín, 3 mín hlé

Laugardagur

3 leikir í 4ra liða riðli.

1 leikur í lokin, úrslitaleikur eða jafningaleikur

Hver leikur er 2 x 12 mín, 2 mín hlé

Styrkleikaröðun

Fyrir mótið, þá raða þjálfarar liðum sínum í 3 styrkleikaflokka. Farið er eftir óskum þjálfara eins og hægt er, en miðað er við að í hverjum styrkleikaflokki séu 32 lið.

Miðað er við að liðum hvers félags sé nokkuð dreift á styrkleikaflokka, en ef þjálfari óskar að setja t.d. öll liðin sín í sama styrkleikaflokk, þá er það allt í lagi, ef það eru laus sæti.

Leikir fimmtudags og föstudags eru hugsaðir til þess að styrkleikaraða liðum sem taka þátt í Shellmótinu.

Á laugardegi er liðum raðað í 12 x 8 liða mót.

Hverju laugardagsmóti er skipt í 2 x 4ra liða riðla.

Keppt er um veglega bikara í hverju móti.

Röðun liða eftir styrkleika

Fimmtudagur – 3 styrkleikaflokkar

Kerfið byggir á að þjálfarar raða liðum í upphafi í 3 styrkleikaflokka.

Keppisstjórn hefur enga skoðun á því hvernig þjálfarar raða sínum liðum í styrkleikaflokka annan en að þegar upp er staðið, þá þurfa að vera 32 lið í hverjum flokki.

Keppnistjórn áskilur sér því rétt til að færa lið á milli styrkleikaflokka og er það gert í samráði við þjálfara hverju sinni.

Lið sem vilja gera atlögu að Shellmótsbikarnum verða að byrja í 1. styrkleikaflokki á fimmtudegi.

Föstudagur – 6 styrkleikaflokkar

Árangur liða á fimmtudegi ræður því hvort lið færast upp, niður eða verða í svipuðum styrkleikaflokki á föstudegi.

Lið taka engin stig eða mörk með sér á milli daga.

Nýr dagur er ný áskorun á móti nýjum liðum.

Lið sem léku saman í riðli á fimmtudegi geta ekki lent saman í riðli á föstudegi.

Laugardagur – 12 styrkleikaflokkar

Á laugardegi er keppt um 12 bikara.

Öll lið eiga möguleika að vinna bikar.


Eftir föstudaginn er búið að styrkleikaraða liðum í 12 nokkuð jafna hópa.

Árangur liða á föstudegi ræður því í hvaða bikarmóti (riðli) lið leikur á laugardegi.

Hugsanlegt er að lið sem léku saman í riðli á fimmtudegi, eigi að leika saman í riðli á laugardegi. Keppisstjórn áskilur sér rétt til að færa lið milli riðla, ef þau hafa áður leikið saman í riðli.

Meðfylgjandi eru myndir og töflur til að skýra út hvernig Shellmótskerfið gengur fyrir sig.

Shellmótið styrkleiki



Shellmótskerfið - leikir

Shellmótskerfið														
Skýringar	Fimmtudagur				Föstudagur				Laugardagur				Lifur	
	1601	1602	1603	1604	1601	1602	1603	1604	1601	1602	1603	1604	Lif	Lif
BÍBÍ = milli ríkis				81				81				81		
BÍBÍ er móðir 48 ára BÍB	A1	3	3	81	B1	3	3	81	C1	3	3	81		
leiddi í skóla ríki að þeir eru ríkis				81				81				81	20	20
				81				81				81	20	20
Reiddi ríki leiddi í hvala ríki	A2	1	1	82	B2	1	1	82	C2	1	1	82		
BÍBÍ er móðir 48 ára BÍB				82				82				82	20	20
leiddi í skóla ríki að þeir eru ríkis				82				82				82	20	20
				82				82				82	20	20
Reiddi ríki leiddi í hvala ríki	A3	1	1	83	B3	1	1	83	C3	1	1	83		
BÍBÍ er móðir 48 ára BÍB				83				83				83	20	20
leiddi í skóla ríki að þeir eru ríkis				83				83				83	20	20
				83				83				83	20	20
Reiddi ríki leiddi í hvala ríki	A4	1	1	84	B4	1	1	84	C4	1	1	84		
BÍBÍ er móðir 48 ára BÍB				84				84				84	20	20
leiddi í skóla ríki að þeir eru ríkis				84				84				84	20	20
				84				84				84	20	20
Reiddi ríki leiddi í hvala ríki	A5	1	1	85	B5	1	1	85	C5	1	1	85		
BÍBÍ er móðir 48 ára BÍB				85				85				85	20	20
leiddi í skóla ríki að þeir eru ríkis				85				85				85	20	20
				85				85				85	20	20
Reiddi ríki leiddi í hvala ríki	A6	1	1	86	B6	1	1	86	C6	1	1	86		
BÍBÍ er móðir 48 ára BÍB				86				86				86	20	20
leiddi í skóla ríki að þeir eru ríkis				86				86				86	20	20
				86				86				86	20	20
Reiddi ríki leiddi í hvala ríki	A7	1	1	87	B7	1	1	87	C7	1	1	87		
BÍBÍ er móðir 48 ára BÍB				87				87				87	20	20
leiddi í skóla ríki að þeir eru ríkis				87				87				87	20	20
				87				87				87	20	20
Reiddi ríki leiddi í hvala ríki	A8	1	1	88	B8	1	1	88	C8	1	1	88		
BÍBÍ er móðir 48 ára BÍB				88				88				88	20	20
leiddi í skóla ríki að þeir eru ríkis				88				88				88	20	20
				88				88				88	20	20
Reiddi ríki leiddi í hvala ríki	A9	1	1	89	B9	1	1	89	C9	1	1	89		
BÍBÍ er móðir 48 ára BÍB				89				89				89	20	20
leiddi í skóla ríki að þeir eru ríkis				89				89				89	20	20
				89				89				89	20	20
Reiddi ríki leiddi í hvala ríki	A10	1	1	90	B10	1	1	90	C10	1	1	90		
BÍBÍ er móðir 48 ára BÍB				90				90				90	20	20
leiddi í skóla ríki að þeir eru ríkis				90				90				90	20	20
				90				90				90	20	20
Reiddi ríki leiddi í hvala ríki	A11	1	1	91	B11	1	1	91	C11	1	1	91		
BÍBÍ er móðir 48 ára BÍB				91				91				91	20	20
leiddi í skóla ríki að þeir eru ríkis				91				91				91	20	20
				91				91				91	20	20
Reiddi ríki leiddi í hvala ríki	A12	1	1	92	B12	1	1	92	C12	1	1	92		
BÍBÍ er móðir 48 ára BÍB				92				92				92	20	20
leiddi í skóla ríki að þeir eru ríkis				92				92				92	20	20
				92				92				92	20	20
Reiddi ríki leiddi í hvala ríki	A13	1	1	93	B13	1	1	93	C13	1	1	93		
BÍBÍ er móðir 48 ára BÍB				93				93				93	20	20
leiddi í skóla ríki að þeir eru ríkis				93				93				93	20	20
				93				93				93	20	20
Reiddi ríki leiddi í hvala ríki	A14	1	1	94	B14	1	1	94	C14	1	1	94		
BÍBÍ er móðir 48 ára BÍB				94				94				94	20	20
leiddi í skóla ríki að þeir eru ríkis				94				94				94	20	20
				94				94				94	20	20
Reiddi ríki leiddi í hvala ríki	A15	1	1	95	B15	1	1	95	C15	1	1	95		
BÍBÍ er móðir 48 ára BÍB				95				95				95	20	20
leiddi í skóla ríki að þeir eru ríkis				95				95				95	20	20
				95				95				95	20	20
Reiddi ríki leiddi í hvala ríki	A16	1	1	96	B16	1	1	96	C16	1	1	96		
BÍBÍ er móðir 48 ára BÍB				96				96				96	20	20
leiddi í skóla ríki að þeir eru ríkis				96				96				96	20	20
				96				96				96	20	20
Reiddi ríki leiddi í hvala ríki	A17	1	1	97	B17	1	1	97	C17	1	1	97		
BÍBÍ er móðir 48 ára BÍB				97				97				97	20	20
leiddi í skóla ríki að þeir eru ríkis				97				97				97	20	20
				97				97				97	20	20
Reiddi ríki leiddi í hvala ríki	A18	1	1	98	B18	1	1	98	C18	1	1	98		
BÍBÍ er móðir 48 ára BÍB				98				98				98	20	20
leiddi í skóla ríki að þeir eru ríkis				98				98				98	20	20
				98				98				98	20	20
Reiddi ríki leiddi í hvala ríki	A19	1	1	99	B19	1	1	99	C19	1	1	99		
BÍBÍ er móðir 48 ára BÍB				99				99				99	20	20
